

Hafnarfjörður 24. janúar 2013

Til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar


Miðvikudaginn 23. janúar sl. Var haldinn fundur á Sólvangi með aðstandendum heimilismanna. Á fundinn mættu um 90 manns. Stjórnendur Sólvangs boðuðu til fundarins til þess að upplýsa aðstandendur um stöðu mála á Sólvangi. Rætt var um fjárhagsferiðleika undanfarinna ára, framtíð Sólvangs auk þess sem kynnt var fræðsluplan ársins, væntanleg skoðunarkönnun meðal heimilismanna og aðstandenda ofl. Á fundinum var einnig kastað fram þeirri hugmynd að stofna félag velunnara Sólvangs og verður það skoðað nánar.


Við umræðu um framtíð Sólvangs komu m.a. fram fyrirspurnir um fyrirhugaða nýbyggingu hjúkrunarheimilis. Í þessari umræðu var lögð fram tillaga að ályktun fundarins til bæjarstjórnar. Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða á fundinum:

Fundur aðstandenda heimilismanna á Sólvangi, haldinn 23. janúar 2013, skorar á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að endurskoða byggingaráform um nýbyggingu hjúkrunarheimilis á Völlum og skoða þess í stað nýbyggingu og endurbætur við Sólvang og nýta þar með þau verðmæti sem fyrir eru og halda heimilinu áfram miðsvæðis.

Ég undirritaður, stjórnandi fundarins var beðin um að koma þessari ályktun á framfæri við bæjarstjórn og gerið það hér með.

Virðingarfyllst,


Árni Sverrisson, forstjóri Sólvangs

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	24. / 2013
Málsnr:	1301635
Bréfal:	331